Hagtíðindi
Statistical Series

Mannfjöldi
Population

2009:2 • 26. mars 2009

# Búsetuþróun 1988–2007

*Migration patterns 1988–2007*

*Samantekt*

**Í þessu hefti er birt yfirlit yfir búferlaflutninga á tveggja áratuga skeiði, frá 1988 til 2007. Fjöldi fólks í flutningum er greindur eftir landsvæðum og sveitarfélögum. Tölurnar eru gerðar upp eftir flutningsári og gert er upp eftir sveitarfélögum eins og skipting þeirra var í árslok 2007.**

**Flutningsjöfnuður við útlönd hefur verið sveiflukenndur undanfarna tvo áratugi, en náði áður óþekktum hæðum á árunum 2005–2007. Höfuðborgarsvæðið hefur verið með jákvæðan flutningsjöfnuð allan tímann, en fleiri hafa flutt frá öðrum landsvæðum en til þeirra að undanskildu Suðurlandi og Suðurnesjum.**

**Þá eru búferlaflutningarnir skoðaðir út frá flutningunum sjálfum, þ.e. þeim hópi fólks sem flytur saman milli staða. Meðalfjöldi fólks í flutningi lækkaði á árabilinu úr 1,93 einstaklingum í 1,76. Það stafar að mestu af fjölgun eins manns flutninga, einkum hin síðari ár. Það eru karlmenn 18 ára og eldri sem eru flestir í eins manns flutningum.**

## Inngangur

Í þessu hefti Hagtíðinda er skoðuð búsetuþróun á tuttugu ára bili, frá 1988 til 2007. Nokkrar nýjungar eru á framsetningu þessa efnis. Í fyrsta lagi er uppgjörstíma gagnanna breytt, í öðru lagi eru flutningar skoðaðir jafnframt út frá þeim hópi sem flyst saman. Í þriðja lagi er gert upp miðað við skiptingu sveitarfélaganna í lok tímabilsins en ekki eins og þau voru á hverjum tíma.

Hagstofan hefur um langan aldur birt búferlaflutninga eftir skráningarári. Með því móti hefur verið hægt að birta skýrslur um búferlaflutninga á næstliðnu ári fljótt og með mikilli nákvæmni.

Þessi uppgjörsaðferð hentar þó ekki öllum. Á hverju ári fara fram skráningar á flutningum sem eiga við fyrri ár, þá er og lítið að marka þróun innan ársins sé miðað við skráningardag fremur en raunverulegan flutningsdag. Það er þó ókostur að nauðsynlegt er að bíða nokkuð lengi eftir því að gögnin gefi raunsanna mynd þar sem tilkynningar um flutning geta borist mörgum árum eftir að raunverulegur flutningur átti sér stað. Þar að auki taka áður birtar tölur alltaf einhverjum breytingum eftir því sem ný gögn berast. Loks takmarkar það upplýsingarnar að flutningsskýrslur eru jafnan gerðar upp sem einstaklingstölur. Venjan er sú að fjölskyldur flytja gjarnan saman heimili sitt, þannig að uppgjör sem eingöngu byggist á einstaklingum segir ekki alla söguna.

*Nýtt hugtak skilgreint*

Sú nýjung er tekin upp að skilgreint er hugtakið „flutningur“ á þann veg að hann merki þann hóp fólks sem flytur frá einum og sama staðnum til annars og sama staðar á sama degi. Með notkun þessa hugtaks má nálgast það að gera grein fyrir flutningum heilla heimila, þótt ekki sé alveg um sambærileg hugtök að ræða.

Hagstofa Íslands

Á tímabilinu hefur orðið mikil breyting á skipan sveitarfélaga í landinu. Framhjá þessu er horft og tölurnar gerðar upp miðað við sveitarfélögin eins og þau skiptust í árslok 2007.

*Meginefni heftisins*

Efni þessa heftis Hagtíðinda skiptist í þrjá meginkafla. Í fyrsta hluta þess er fjallað um hreyfingar á milli landsvæða á öllu tímabilinu. Í öðrum hluta er skoðuð búsetuþróun eftir landsvæðum og sveitarfélögum 1988–2007.

Í þriðja hluta heftisins er áherslan lögð á flutningana, fremur en einstaklingana. Flutningarnir eru flokkaðir eftir hversu margir flytjast saman og hvort þeir séu innan sveitarfélaga, milli sveitarfélaga á sama landsvæði, milli landsvæða eða til og frá útlöndum. Þá eru eins manns flutningar skoðaðir sérstaklega.

Í lok heftisins eru fjórar megintöflur sem hafa að geyma flest það sem fjallað er um í meginmáli. Ítarlegra efni má svo finna á vef Hagstofunnar, www.hagstofa.is.

## Fjöldi fólks í flutningum milli landsvæða 1988–2007

Í þessum hluta er fjallað um fjölda fólks í flutningum milli landsvæða. Töflur 1 og 2 geyma þau gögn sem eftirfarandi umfjöllun byggist á.

Á þeim 20 árum sem þetta hefti Hagtíðinda spannar voru alls 468.607 manns í búferlaflutningum milli landsvæða að Reykjavík meðtalinni og til og frá útlöndum, eða 23.431 einstaklingur að meðaltali á ári. Þá eru ekki taldir flutningar innan sveitarfélaga eða innan landsvæðis. Á tímabilinu fluttu 96.490 manns frá útlöndum til Íslands en 80.621 fluttu úr landi. Landsmönnum fjölgaði því um 15.869 vegna meiri aðflutnings frá útlöndum en af landinu. Flutningsjöfnuður allra landsvæða var hagstæður gagnvart útlöndum þegar litið er til tímabilsins alls.

Brottfluttir voru fleiri en aðfluttir á öllum landsvæðum nema á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Suðurnesjum.

*Vestfirðir*

Vestfirðir standa lakast hvað þetta varðar. Þaðan fluttu 4.429 umfram aðflutta. Einkum var flutningsjöfnuðurinn óhagstæður gagnvart höfuðborgarsvæðinu en það dró til sín 3.346 Vestfirðinga á þessu tímabili. Flutningsjöfnuður Vestfjarða var neikvæður gagnvart öllum landsvæðum, en hins vegar voru 722 aðfluttir um fram brottflutta frá útlöndum.

*Norðurland vestra*

Frá Norðurlandi vestra flutti á tímabilinu 2.458 fleiri en fluttu þangað. Það landsvæði fékk fleiri frá útlöndum, Vestfjörðum og Austurlandi en fluttu til þeirra, en hafði óhagstæðan flutningsjöfnuð gagnvart öllum öðrum landsvæðum og þó sér í lagi höfuðborgarsvæðinu.

*Norðurland eystra*

Norðurland eystra hafði óhagstæðan flutningsjöfnuð upp á 3.763 einstaklinga, gagnvart öllum landsvæðum nema Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi.

*Austurland*

Á Austurlandi voru 1.700 brottfluttir umfram aðflutta. Austurland hafði neikvæðan flutningsjöfnuð gagnvart öllum landsvæðum nema Vestfjörðum. Aðfluttir til Austurlands umfram brottflutta frá útlöndum voru 1.583. Austurland var þannig næst á eftir höfuðborgarsvæðinu hvað varðar aðflutning umfram brottflutning frá útlöndum.

*Vesturland*

Frá Vesturlandi fluttu 1.947 fleiri en fluttu til landsvæðisins, flestir til höfuðborgarsvæðisins. Flutningsjöfnuður var hagstæður gagnvart Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og eystra og Austurlandi.

*Suðurland og Suðurnes*

Suðurnes hafði hagstæðan flutningsjöfnuð gagnvart öllum öðrum landsvæðum en höfuðborgarsvæðinu, svo og Suðurland gagnvart öllum öðrum landsvæðum nema höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

*Höfuðborgarsvæðið*

Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur er eina svæði landsins sem hefur hagstæðan flutningsjöfnuð á tímabilinu gagnvart öllum landsvæðum. Sér í lagi var flutningsjöfnuður þessara sveitarfélaga hagstæður gagnvart Reykjavík, en þaðan komu 12.948 fleiri en fluttu til Reykjavíkur. Reykjavík hafði á hinn bóginn hagstæðan flutningsjöfnuð gagnvart öllum öðrum landsvæðum og langsamlega hagstæðastan flutningsjöfnuð gagnvart útlöndum.

## Aðfluttir umfram brottflutta eftir landsvæðum og sveitarfélögum 1988–2007

Í þessum hluta er fjallað um þróun á tímabilinu 1988–2007. Umfjöllunin byggist að mestu leyti á töflu 3 hér að aftan.

Tímabilið 1988 til 2007 er nokkuð langt, þannig að ekki er með öllu réttlátt að einblína á tímabilið í heild. Af mynd 1 sést t.d. að flutningsjöfnuður gagnvart útlöndum er fyrst og fremst hagstæður á síðustu þremur árum tímabilsins, en þar á undan varð flutningsjöfnuðurinn háður reglulegum sveiflum sem líklega tengjast hagsveiflum á tímabilinu.

**Mynd 1. Aðfluttir umfram brottflutta eftir landsvæðum 1988–2007**
*Figure 1. Net immigration by regions 1988–2007*




Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur er eini landshlutinn sem hafði jákvæðan flutningsjöfnuð öll árin frá 1988–2007. Aftur á móti var flutningsjöfnuður aldrei jákvæður á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra á þessum tuttugu árum. Á Norðurlandi eystra var flutningsjöfnuðurinn jákvæður aðeins á árunum 1992 og 2007. Á Austurlandi var neikvæður flutningsjöfnuður þar til 2003 þegar afar margir fluttu til Austurlands umfram brottflutta á árunum 2003–2006. Á Vesturlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum var flutningsjöfnuður oftast neikvæður fram til ársins 1999 en eftir það hefur flutningsjöfnuður fremur verið jákvæður en neikvæður á þessum landsvæðum.

## Fjöldi flutninga 1988–2007

Í þessum hluta er fjallað um flutninga, þar sem taldir eru sem einn flutningur þeir sem flytja saman. Skoða má gögnin í töflu 4.

*Rúmlega tvöföldun flutninga*

Á tuttugu árum frá 1988 til 2007 rúmlega tvöfaldaðist fjöldi flutninga á Íslandi. Fjölgunin var einna mest í eins manns flutningum, sem leiddi til þess að meðalfjöldi fólks í flutningi fór úr 1,93 einstaklingi 1988 í 1,76 einstakling árið 2007. Þróunin sýnir nokkuð stöðugan vöxt ár frá ári, þó er um að ræða breytingar sem augljóslega tengjast hagsveiflum. Sjá má stöðnun í fjölda flutninga á árunum 1992–1993, samdrátt 2000–2002 og síðan mikla uppsveiflu á árinu 2007.

Fjölgun flutninga er mestur í flokki aðflutninga frá útlöndum. Þeir voru tæplega 2.500 árið 1988 en ríflega 9.200 árið 2007. Fram til ársins 2005 var þó aukning aðflutninga frá útlöndum ekki meiri að tiltölu en fyrir flutninga í heild. Fjölgun flutninga milli landsvæða á tímabilinu er langt undir meðaltali. Milli 1988 og 2007 fjölgaði slíkum aðeins um 47%, meðan þeim fjölgaði um 107% alls.

**Mynd 2. Fjöldi flutninga eftir gerð flutnings 1988–2007**
*Figure 2. Number of moves by type of migration 1988–2007*




*Flestir flutningar eru eins manns flutningar*

Langflestir flutningar eru eins manns flutningar. Hlutfall þeirra hefur aukist frá 1988 til 2007. Eins manns flutningar eru þó mismunandi eftir gerð flutnings. Þeir eru algengastir ef um flutninga til og frá útlöndum er að ræða, svo og ef um flutninga milli landsvæða er að ræða (sjá mynd 3).

**Mynd 3. Hlutfall eins manns flutninga eftir gerð flutnings 1988–2007**
*Figure 3. Percentage of single person moves by type of migration 1988–2007*




*Einkum karlar flytja einir*

Það eru sömuleiðis einkum karlar sem flytja einir. Þeir eru venjulega um 56% af slíkum flutningum. Árin 2004–2007 óx hlutur karla enn í slíkum flutningum, einkum síðustu tvö árin og náði tæplega 60% árið 2007. Svo sem sjá má á mynd 4 þá stafar þetta einkum af breytingum á hlut karla í flutningum til landsins frá 2004 og frá landinu 2006 og 2007.

**Mynd 4. Hlutfall karla í eins manns flutningum eftir gerð flutnings 1988–2007**
*Figure 4. Percentage of adult males in single person moves by type of migration 1988–2007*




*Stórflutningar jukust eftir 2004*

Í gögnunum má einnig sjá að fjöldi stórflutninga, þ.e. 8 manna flutningar eða stærri jókst mjög árin 2004 til 2007. Hér er fyrst og fremst um stóra hópa erlendra starfsmanna að ræða sem flytja eða fá dvalarleyfi á sama deginum og koma margir frá einu landi og flytja í eitt og sama starfsmannahúsið eða flytja úr landi frá slíkum stað til heimalandsins á sama tíma.

## Skilgreining hugtaka og yfirlit yfir gerð nýs gagnagrunns um búferlaflutninga 1988–2007 eftir flutningsdegi

*Hvenær er flutt?* Meginreglan er sú að hafi einstaklingur flutt oftar en einu sinni í almanaksmánuði þá eru færslur hans sameinaðar og hann talinn aðeins hafa flutt frá þeim stað sem hann bjó í upphafi mánaðar til þess staðar sem hann bjó í lok mánaðar.

*Flutningur* Allir sem flytja á sama degi frá sama heimilisfangi til sama heimilisfangs eða á sama degi frá sama heimilisfangi á Íslandi til sama lands eða á sama flutningsdegi frá sama landi til sama heimilisfangs á Íslandi teljast förunautar í einum og sama flutningnum. Í langflestum tilvikum er um að ræða tengda einstaklinga. Þegar um óskylda einstaklinga er að ræða tengjast þeir þó oftast í gegnum flutning á sameiginlega vinnustöð/starsmannahús. Tilviljun getur hins vegar ráðið því að t.d. óskylt og ótengt fólk flytji á sama degi til og frá sama staðnum eða landinu. Slíkar tilviljanir eru þó að líkindum fremur sjaldgæfar.

*Sveitarfélög* Sveitarfélög eru flokkuð í samræmi við stöðu þeirra í árslok 2007. Þá voru 79 sveitarfélög í landinu. Flutningar innan sveitarfélags gætu því hafa átt við flutning milli tveggja sveitarfélaga áður en þau sameinuðust.

*Karlar* Karlar eru aðeins þeir karlar sem náð höfðu 18 ára aldri á flutningsdegi eða fyrr.

*Gerð flutnings* Hér er átt við flokkun flutninga eftir því hvort þeir séu innan sama sveitarfélags, milli sveitarfélaga á sama landsvæði, milli sveitarfélaga en landshluta á milli, og svo til og frá Íslandi.

*Gerð nýs gagnagrunns* Fram til 1986 voru flutningar aðeins gerðir upp miðað við stöðuna 1. desember hvert ár. Eftir þann tíma hefur verið haldið utan um búferlaflutninga innan ársins. Hagstofan geymir þessar færslur í sérstökum flutningagrunni sem hefur byggst upp síðan 1986.

Nýr grunnur var stofnaður með gögnum úr flutningagrunni Hagstofunnar. Til og með ársins 1999 var heimilisfang aðflutnings og brottflutningsstaðar ekki skráð heldur aðeins sveitarfélag. Úr þessu var bætt, sem og voru færðar inn leiðréttingar aftur í tímann, svo sem rangt kyn og fæðingardagur. Öll auðkenni heimilisfanga voru uppfærð miðað við nýjustu útgáfu. Flutningasaga einstaklinganna var lagfærð vélrænt þannig að keðja þeirra heimilisfanga sem nefnd voru í aðflutnings- og brottflutningskóta væri óslitin. Bæði gat komið til leiðréttinga á einstökum færslum, færslur fjarlægðar eða færslum var bætt við úr breytingaskrá þjóðskrár sem sýnilega vantaði upp á til að flutningasagan væri órofin. Alls voru innan við 2% færsla sem átt var við með þessum hætti.

Fyrstu tvö árin, 1986 og 1987, eru ekki notuð í útgáfunni þar sem skráningu flutningsdags virðist þá hafa verið ábótavant.

*Misræmi milli talna í þessu hefti og reglulegra talna um búferlaflutninga* Þar sem gert er upp eftir flutningsári í þessu hefti, en tölur Hagstofunnar um búferlaflutninga næstliðins árs miða við jafnan við skráningardag, þá fer ekki hjá því að nokkuð misræmi er milli talnanna. Misræmið stafar annars vegar af því að eitthvað af flutningum hvers árs er ekki skráð fyrr en á því næsta eða síðar. Hins vegar stafar misræmi af því að leiðréttingar geta átt sér stað á áður skráðum flutningum vegna þess að betri vitneskja um þá hefur borist. Þá geta átt sér stað leiðréttingar á öðrum þáttum, s.s. ríkisfangi, kyni, fæðingardegi, fæðingarlandi, hjúskaparstöðu og öðru.

Sé litið á áður birtar tölur um aðflutta umfram brottflutta og athugað hver áhrif misræmisins hefðu orðið á mannfjöldatölur í lok hvers árs, kemur í ljós að áhrifin eru afar lítil, eða að meðaltali um 0,02% til lækkunar. Það jafngildir 44 einstaklingum á ári. Í 16 ár af þeim 20 sem skoðuð voru var misræmið á bilinu -445 til +328. Mest var það -832 og +776, eða um fjórðungur úr prósenti af mannfjöldanum.

## English summary

Since 1987, Statistics Iceland has produced fast and reliable annual migration statistics from registers using the year of registration as a proxy for the year of migration. This provides unbiased and fairly accurate figures that are available within six weeks from the end of the reference year.

While this method has obvious advantages it has several drawbacks, such as not enabling inter-annual statistics or statistics on the migration history of households. Statistics Iceland has developed a new database based on the regular database which enables statistics using the year of migration as the reference year. The current issue provides the first statistics using this database.

The first two sections trace the migration history of regions and current municipalities in the period between 1988 and 2007. The migration pattern is more or less similar to pattern shown by the annual migration statistics. The net immigration has gone through several cycles with huge influx of persons from abroad starting in 2004. Generally, however, people tend to move to the Capital region away from the other regions, while all regions gain from net immigration.

The third section focuses on the move as the unit of observation, with one move defined as the group of persons moving on the same day from one address to another. The data is presented by the number of persons moving together, year of migration and type of migration, i.e. whether the move is within the municipality, within the region, between regions, emigration or immigration.

During the period observed, the average number of persons moving together has decreased from 1.93 persons to 1.76 persons. This is mostly due to the rise in the number of single person moves, of which adult males constitute the biggest part.

**Tafla 1. Flutningsjöfnuður eftir landsvæðum 1988–2007**

*Table 1. Net migration by regions 1988–2007*

| Aðflutnings-svæði *Immigration* | Brottflutningssvæði *Emigration* | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Reykja-vík | Höfuð-borgarsv., annað *Other capital regions* | Vestur-land *West* | Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | Norður-land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* | Suður-nes *South-west* | Útlönd *Net emi-gration* |
| **Alls *Total*** | **5.946** | **21.687** | **-1.947** | **-4.429** | **-2.458** | **-3.763** | **-1.700** | **305** | **2.260** | **-15.869** |
| Reykjavík | – | 12.948 | -2.436 | -1.963 | -1.467 | -3.040 | -1.909 | -1.571 | -193 | -6.303 |
| Höfuðborgarsvæði, annað | | | | | | | | | | |
| *Other capital regions* | -12.948 | – | -945 | -1.383 | -627 | -1.518 | -764 | -536 | -108 | -2.856 |
| Vesturland *West* | 2.436 | 945 | – | -401 | -199 | -131 | -51 | 169 | 130 | -952 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 1.963 | 1.383 | 401 | – | 148 | 321 | 78 | 395 | 461 | -722 |
| Norðurl. vestra *Northwest* | 1.467 | 627 | 199 | -148 | – | 279 | -29 | 183 | 137 | -255 |
| Norðurl. eystra *Northeast* | 3.040 | 1.518 | 131 | -321 | -279 | – | -353 | 237 | 241 | -448 |
| Austurland *East* | 1.909 | 764 | 51 | -78 | 29 | 353 | – | 92 | 159 | -1.583 |
| Suðurland *South* | 1.571 | 536 | -169 | -395 | -183 | -237 | -92 | – | 90 | -1.428 |
| Suðurnes *Southwest* | 193 | 108 | -130 | -461 | -137 | -241 | -159 | -90 | – | -1.344 |
| Útlönd *Net immigration* | 6.303 | 2.856 | 952 | 722 | 255 | 448 | 1.583 | 1.428 | 1.344 | – |
| Höfuðborgarsvæði | | | | | | | | | | |
| *Capital region* | – | – | -3.381 | -3.346 | -2.094 | -4.558 | -2.673 | -2.107 | -301 | -9.159 |
| Landsbyggð *Other regions* | 18.894 | 8.739 | – | – | – | – | – | – | – | – |

## Tafla 2. Árlegur aðflutningur fólks til landsvæða eftir brottflutningssvæði 1988–2007

*Table 2. Number of persons migrating by regions and year of migration 1988–2007*

| Aðflutnings-svæði *Immigration* | Brottflutningssvæði *Emigration* Alls *Total* | Reykjavík | Höfuðborgarsv., annað *Other capital regions* | Vesturland *West* | Vestfirðir *Westfjords* | Norðurland vestra *Northwest* | Norðurland eystra *Northeast* | Austurland *East* | Suðurland *South* | Suðurnes *Southwest* | Frá útlöndum *Immigration* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Höfuðborgarsvæði** | | | | | | | | | | | |
| ***Capital region*** | | | | | | | | | | | |
| 1988 | 6.206 | – | – | 639 | 494 | 307 | 760 | 392 | 724 | 448 | 2.430 |
| 1989 | 5.333 | – | – | 575 | 453 | 241 | 712 | 403 | 615 | 453 | 1.864 |
| 1990 | 5.762 | – | – | 626 | 421 | 258 | 698 | 428 | 669 | 500 | 2.158 |
| 1991 | 6.553 | – | – | 600 | 528 | 342 | 731 | 498 | 801 | 475 | 2.576 |
| 1992 | 5.403 | – | – | 538 | 462 | 236 | 632 | 458 | 720 | 495 | 1.862 |
| 1993 | 5.520 | – | – | 560 | 405 | 232 | 674 | 483 | 794 | 484 | 1.888 |
| 1994 | 5.779 | – | – | 599 | 474 | 289 | 828 | 513 | 812 | 438 | 1.826 |
| 1995 | 6.423 | – | – | 668 | 629 | 326 | 915 | 546 | 824 | 561 | 1.954 |
| 1996 | 7.114 | – | – | 654 | 617 | 411 | 987 | 559 | 937 | 564 | 2.385 |
| 1997 | 7.242 | – | – | 633 | 567 | 384 | 956 | 564 | 925 | 528 | 2.685 |
| 1998 | 7.797 | – | – | 643 | 479 | 409 | 1.038 | 613 | 942 | 559 | 3.114 |
| 1999 | 7.817 | – | – | 571 | 467 | 358 | 1.038 | 636 | 837 | 535 | 3.375 |
| 2000 | 7.492 | – | – | 498 | 453 | 273 | 899 | 468 | 861 | 429 | 3.611 |
| 2001 | 7.180 | – | – | 559 | 318 | 319 | 826 | 402 | 896 | 558 | 3.302 |
| 2002 | 6.356 | – | – | 562 | 344 | 262 | 810 | 334 | 882 | 601 | 2.561 |
| 2003 | 6.269 | – | – | 622 | 296 | 287 | 761 | 361 | 848 | 596 | 2.498 |
| 2004 | 7.050 | – | – | 639 | 347 | 265 | 855 | 453 | 834 | 579 | 3.078 |
| 2005 | 8.256 | – | – | 587 | 370 | 311 | 804 | 407 | 893 | 549 | 4.335 |
| 2006 | 9.178 | – | – | 656 | 321 | 230 | 749 | 418 | 821 | 574 | 5.409 |
| 2007 | 12.210 | – | – | 615 | 355 | 247 | 718 | 462 | 876 | 566 | 8.371 |
| **Landsbyggðin** | | | | | | | | | | | |
| ***Other regions*** | | | | | | | | | | | |
| 1988 | 3.562 | 1.627 | 640 | – | – | – | – | – | – | – | 1.286 |
| 1989 | 3.477 | 1.721 | 811 | – | – | – | – | – | – | – | 937 |
| 1990 | 3.526 | 1.710 | 749 | – | – | – | – | – | – | – | 1.065 |
| 1991 | 4.138 | 1.852 | 795 | – | – | – | – | – | – | – | 1.490 |
| 1992 | 4.083 | 2.122 | 974 | – | – | – | – | – | – | – | 987 |
| 1993 | 3.698 | 2.022 | 859 | – | – | – | – | – | – | – | 817 |
| 1994 | 3.647 | 1.914 | 877 | – | – | – | – | – | – | – | 856 |
| 1995 | 3.826 | 1.948 | 878 | – | – | – | – | – | – | – | 1.000 |
| 1996 | 4.260 | 2.102 | 868 | – | – | – | – | – | – | – | 1.290 |
| 1997 | 4.231 | 1.987 | 860 | – | – | – | – | – | – | – | 1.384 |
| 1998 | 4.503 | 2.065 | 829 | – | – | – | – | – | – | – | 1.609 |
| 1999 | 4.763 | 2.123 | 964 | – | – | – | – | – | – | – | 1.676 |
| 2000 | 4.865 | 2.087 | 1.078 | – | – | – | – | – | – | – | 1.700 |
| 2001 | 4.780 | 2.199 | 1.045 | – | – | – | – | – | – | – | 1.536 |
| 2002 | 4.460 | 2.077 | 1.147 | – | – | – | – | – | – | – | 1.236 |
| 2003 | 4.350 | 2.150 | 1.053 | – | – | – | – | – | – | – | 1.147 |
| 2004 | 5.905 | 2.203 | 1.139 | – | – | – | – | – | – | – | 2.563 |
| 2005 | 7.684 | 2.578 | 1.388 | – | – | – | – | – | – | – | 3.718 |
| 2006 | 7.939 | 2.266 | 1.214 | – | – | – | – | – | – | – | 4.459 |
| 2007 | 8.694 | 2.627 | 1.615 | – | – | – | – | – | – | – | 4.452 |

Tafla 2. Árlegur aðflutningur fólks til landsvæða eftir brottflutningssvæði 1988–2007 (frh.)
*Table 2. Number of persons migrating by regions and year of migration 1988–2007 (cont.)*

| Aðflutnings-svæði *Immigration* | Brottflutningssvæði *Emigration* Alls *Total* | Reykja-vík | Höfuð-borgarsv., annað *Other capital regions* | Vestur-land *West* | Norður-Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* | Suður-nes *South-west* | Frá útlöndum *Immi-gration* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reykjavík** | | | | | | | | | | | |
| 1988 | 6.040 | – | 1.615 | 413 | 338 | 197 | 542 | 266 | 543 | 313 | 1.806 |
| 1989 | 5.576 | – | 1.843 | 437 | 278 | 174 | 472 | 286 | 430 | 286 | 1.355 |
| 1990 | 6.269 | – | 2.187 | 471 | 266 | 157 | 514 | 308 | 473 | 325 | 1.565 |
| 1991 | 6.755 | – | 2.085 | 427 | 366 | 212 | 515 | 389 | 556 | 310 | 1.893 |
| 1992 | 6.100 | – | 2.289 | 375 | 299 | 169 | 501 | 349 | 504 | 294 | 1.320 |
| 1993 | 6.054 | – | 2.135 | 397 | 301 | 169 | 506 | 361 | 543 | 293 | 1.349 |
| 1994 | 6.340 | – | 2.300 | 392 | 321 | 225 | 578 | 361 | 570 | 251 | 1.342 |
| 1995 | 7.231 | – | 2.607 | 494 | 404 | 223 | 687 | 420 | 635 | 371 | 1.390 |
| 1996 | 7.307 | – | 2.475 | 458 | 371 | 275 | 664 | 391 | 669 | 346 | 1.658 |
| 1997 | 7.590 | – | 2.578 | 462 | 374 | 261 | 674 | 395 | 645 | 323 | 1.878 |
| 1998 | 7.898 | – | 2.657 | 435 | 279 | 292 | 749 | 388 | 632 | 330 | 2.136 |
| 1999 | 8.258 | – | 2.945 | 429 | 328 | 228 | 717 | 434 | 581 | 270 | 2.326 |
| 2000 | 7.682 | – | 2.598 | 362 | 282 | 184 | 586 | 312 | 637 | 251 | 2.470 |
| 2001 | 7.516 | – | 2.685 | 374 | 222 | 224 | 518 | 258 | 631 | 353 | 2.251 |
| 2002 | 7.083 | – | 2.813 | 383 | 221 | 182 | 522 | 226 | 608 | 365 | 1.763 |
| 2003 | 7.401 | – | 3.128 | 437 | 215 | 216 | 529 | 243 | 577 | 346 | 1.710 |
| 2004 | 8.012 | – | 3.257 | 442 | 228 | 165 | 598 | 302 | 578 | 299 | 2.143 |
| 2005 | 8.490 | – | 3.110 | 407 | 225 | 206 | 553 | 265 | 622 | 312 | 2.790 |
| 2006 | 8.635 | – | 2.623 | 426 | 213 | 162 | 446 | 263 | 553 | 354 | 3.595 |
| 2007 | 11.076 | – | 3.124 | 392 | 201 | 177 | 457 | 299 | 557 | 336 | 5.533 |
| **Höfuðborgar-svæði, annað** ***Other capital regions*** | | | | | | | | | | | |
| 1988 | 3.664 | 1.883 | – | 226 | 156 | 110 | 218 | 126 | 181 | 135 | 624 |
| 1989 | 3.697 | 2.097 | – | 138 | 175 | 67 | 240 | 117 | 185 | 167 | 509 |
| 1990 | 4.196 | 2.516 | – | 155 | 155 | 101 | 184 | 120 | 196 | 175 | 593 |
| 1991 | 4.311 | 2.428 | – | 173 | 162 | 130 | 216 | 109 | 245 | 165 | 683 |
| 1992 | 4.139 | 2.547 | – | 163 | 163 | 67 | 131 | 109 | 216 | 201 | 542 |
| 1993 | 4.240 | 2.639 | – | 163 | 104 | 63 | 168 | 122 | 251 | 191 | 539 |
| 1994 | 4.280 | 2.541 | – | 207 | 153 | 64 | 250 | 152 | 242 | 187 | 484 |
| 1995 | 4.582 | 2.783 | – | 174 | 225 | 103 | 228 | 126 | 189 | 190 | 564 |
| 1996 | 5.222 | 2.940 | – | 196 | 246 | 136 | 323 | 168 | 268 | 218 | 727 |
| 1997 | 5.661 | 3.431 | – | 171 | 193 | 123 | 282 | 169 | 280 | 205 | 807 |
| 1998 | 6.237 | 3.681 | – | 208 | 200 | 117 | 289 | 225 | 310 | 229 | 978 |
| 1999 | 6.218 | 3.714 | – | 142 | 139 | 130 | 321 | 202 | 256 | 265 | 1.049 |
| 2000 | 5.658 | 3.250 | – | 136 | 171 | 89 | 313 | 156 | 224 | 178 | 1.141 |
| 2001 | 5.935 | 3.586 | – | 185 | 96 | 95 | 308 | 144 | 265 | 205 | 1.051 |
| 2002 | 5.772 | 3.686 | – | 179 | 123 | 80 | 288 | 108 | 274 | 236 | 798 |
| 2003 | 5.535 | 3.539 | – | 185 | 81 | 71 | 232 | 118 | 271 | 250 | 788 |
| 2004 | 6.335 | 4.040 | – | 197 | 119 | 100 | 257 | 151 | 256 | 280 | 935 |
| 2005 | 6.857 | 3.981 | – | 180 | 145 | 105 | 251 | 142 | 271 | 237 | 1.545 |
| 2006 | 6.882 | 3.716 | – | 230 | 108 | 68 | 303 | 155 | 268 | 220 | 1.814 |
| 2007 | 9.262 | 5.004 | – | 223 | 154 | 70 | 261 | 163 | 319 | 230 | 2.838 |

Tafla 2. Árlegur aðflutningur fólks til landsvæða eftir brottflutningssvæði 1988–2007 (frh.)
*Table 2. Number of persons migrating by regions and year of migration 1988–2007 (cont.)*

| Aðflutnings-svæði *Immigration* | Brottflutningssvæði *Emigration* | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Reykja-vík | Höfuð-borgarsv., annað *Other capital regions* | Vestur-land *West* | Norður-Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* | Suður-nes *South-west* | Frá útlöndum *Immi-gration* |
| **Vesturland** *West* | | | | | | | | | | | |
| 1988 | 652 | 228 | 96 | – | 50 | 15 | 49 | 32 | 16 | 43 | 122 |
| 1989 | 733 | 261 | 108 | – | 73 | 28 | 40 | 22 | 34 | 28 | 139 |
| 1990 | 681 | 230 | 106 | – | 37 | 20 | 50 | 25 | 34 | 46 | 133 |
| 1991 | 761 | 245 | 79 | – | 61 | 23 | 40 | 26 | 56 | 23 | 208 |
| 1992 | 736 | 285 | 129 | – | 42 | 26 | 32 | 34 | 27 | 41 | 120 |
| 1993 | 755 | 321 | 105 | – | 69 | 40 | 57 | 29 | 20 | 23 | 91 |
| 1994 | 660 | 241 | 107 | – | 49 | 31 | 43 | 41 | 22 | 19 | 107 |
| 1995 | 788 | 242 | 137 | – | 65 | 44 | 32 | 45 | 49 | 46 | 128 |
| 1996 | 859 | 302 | 120 | – | 66 | 23 | 73 | 33 | 49 | 40 | 153 |
| 1997 | 803 | 265 | 89 | – | 68 | 37 | 49 | 35 | 49 | 24 | 187 |
| 1998 | 955 | 320 | 147 | – | 51 | 44 | 60 | 25 | 45 | 36 | 227 |
| 1999 | 942 | 334 | 110 | – | 51 | 29 | 72 | 27 | 60 | 31 | 228 |
| 2000 | 999 | 304 | 146 | – | 60 | 58 | 68 | 18 | 49 | 34 | 262 |
| 2001 | 1.051 | 329 | 170 | – | 64 | 47 | 73 | 16 | 45 | 38 | 269 |
| 2002 | 910 | 304 | 160 | – | 80 | 45 | 77 | 17 | 55 | 14 | 158 |
| 2003 | 813 | 298 | 149 | – | 38 | 33 | 73 | 18 | 43 | 56 | 105 |
| 2004 | 962 | 298 | 158 | – | 72 | 51 | 64 | 17 | 64 | 47 | 191 |
| 2005 | 1.281 | 390 | 166 | – | 65 | 54 | 62 | 41 | 79 | 29 | 395 |
| 2006 | 1.218 | 338 | 172 | – | 69 | 42 | 67 | 21 | 71 | 49 | 389 |
| 2007 | 1.609 | 442 | 232 | – | 52 | 56 | 44 | 24 | 68 | 57 | 634 |
| **Vestfirðir** *Westfjords* | | | | | | | | | | | |
| 1988 | 610 | 179 | 94 | 42 | – | 22 | 35 | 20 | 29 | 23 | 166 |
| 1989 | 569 | 209 | 80 | 45 | – | 15 | 52 | 19 | 34 | 19 | 96 |
| 1990 | 649 | 204 | 86 | 52 | – | 18 | 56 | 18 | 19 | 20 | 176 |
| 1991 | 792 | 223 | 89 | 44 | – | 15 | 71 | 22 | 17 | 59 | 252 |
| 1992 | 680 | 244 | 124 | 38 | – | 41 | 36 | 34 | 15 | 46 | 102 |
| 1993 | 635 | 219 | 108 | 37 | – | 17 | 49 | 17 | 25 | 47 | 116 |
| 1994 | 613 | 225 | 102 | 58 | – | 19 | 52 | 7 | 19 | 20 | 111 |
| 1995 | 604 | 204 | 100 | 30 | – | 14 | 30 | 13 | 38 | 37 | 138 |
| 1996 | 754 | 273 | 104 | 38 | – | 14 | 24 | 15 | 30 | 24 | 232 |
| 1997 | 629 | 208 | 69 | 36 | – | 10 | 35 | 11 | 10 | 35 | 215 |
| 1998 | 670 | 187 | 83 | 36 | – | 10 | 30 | 15 | 16 | 32 | 261 |
| 1999 | 468 | 164 | 69 | 26 | – | 17 | 26 | 18 | 17 | 13 | 118 |
| 2000 | 538 | 178 | 116 | 46 | – | 10 | 18 | 13 | 6 | 34 | 117 |
| 2001 | 523 | 186 | 65 | 27 | – | 10 | 31 | 7 | 32 | 26 | 139 |
| 2002 | 475 | 180 | 87 | 34 | – | 12 | 21 | 13 | 12 | 36 | 80 |
| 2003 | 430 | 146 | 62 | 34 | – | 6 | 30 | 16 | 19 | 36 | 81 |
| 2004 | 453 | 165 | 53 | 33 | – | 16 | 31 | 6 | 13 | 28 | 108 |
| 2005 | 500 | 130 | 62 | 29 | – | 12 | 24 | 9 | 11 | 23 | 200 |
| 2006 | 481 | 125 | 67 | 44 | – | 11 | 28 | 1 | 16 | 18 | 171 |
| 2007 | 533 | 120 | 65 | 52 | – | 14 | 29 | 10 | 26 | 18 | 199 |

Tafla 2. Árlegur aðflutningur fólks til landsvæða eftir brottflutningssvæði 1988–2007 (frh.)
*Table 2. Number of persons migrating by regions and year of migration 1988–2007 (cont.)*

| Aðflutnings-svæði *Immigration* | Brottflutningssvæði *Emigration* | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Reykja-vík | Höfuð-borgarsv., annað *Other capital regions* | Vestur-land *West* | Norður-Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* | Suður-nes *South-west* | Frá útlöndum *Immi-gration* |
| **Norðurland vestra** | | | | | | | | | | | |
| ***Northwest*** | | | | | | | | | | | |
| 1988 | 419 | 97 | 34 | 32 | 25 | – | 75 | 27 | 20 | 25 | 84 |
| 1989 | 362 | 106 | 56 | 23 | 30 | – | 42 | 14 | 14 | 25 | 50 |
| 1990 | 397 | 115 | 61 | 26 | 36 | – | 55 | 11 | 13 | 21 | 57 |
| 1991 | 495 | 136 | 68 | 18 | 37 | – | 91 | 17 | 15 | 29 | 84 |
| 1992 | 460 | 141 | 77 | 43 | 13 | – | 67 | 16 | 24 | 32 | 47 |
| 1993 | 465 | 176 | 58 | 26 | 22 | – | 67 | 23 | 30 | 25 | 38 |
| 1994 | 419 | 120 | 57 | 21 | 45 | – | 72 | 32 | 23 | 6 | 43 |
| 1995 | 418 | 115 | 67 | 24 | 28 | – | 76 | 13 | 31 | 14 | 50 |
| 1996 | 448 | 124 | 57 | 40 | 16 | – | 63 | 23 | 39 | 15 | 71 |
| 1997 | 455 | 146 | 65 | 27 | 16 | – | 61 | 13 | 21 | 22 | 84 |
| 1998 | 481 | 152 | 48 | 15 | 31 | – | 59 | 19 | 15 | 10 | 132 |
| 1999 | 445 | 137 | 62 | 21 | 8 | – | 71 | 17 | 17 | 20 | 92 |
| 2000 | 512 | 153 | 84 | 27 | 31 | – | 43 | 11 | 26 | 24 | 113 |
| 2001 | 517 | 146 | 109 | 43 | 19 | – | 59 | 4 | 28 | 24 | 85 |
| 2002 | 485 | 148 | 70 | 25 | 15 | – | 66 | 13 | 25 | 47 | 76 |
| 2003 | 459 | 145 | 64 | 17 | 17 | – | 61 | 16 | 24 | 21 | 94 |
| 2004 | 430 | 127 | 60 | 38 | 10 | – | 53 | 28 | 23 | 20 | 71 |
| 2005 | 450 | 143 | 41 | 30 | 20 | – | 66 | 16 | 12 | 23 | 99 |
| 2006 | 388 | 108 | 59 | 25 | 29 | – | 35 | 18 | 16 | 20 | 78 |
| 2007 | 445 | 97 | 65 | 26 | 3 | – | 47 | 15 | 27 | 17 | 148 |
| **Norðurland eystra** | | | | | | | | | | | |
| ***Northeast*** | | | | | | | | | | | |
| 1988 | 1.089 | 354 | 124 | 57 | 56 | 70 | – | 92 | 42 | 40 | 251 |
| 1989 | 1.038 | 328 | 131 | 65 | 67 | 80 | – | 93 | 49 | 62 | 162 |
| 1990 | 1.017 | 372 | 114 | 53 | 47 | 78 | – | 60 | 41 | 58 | 194 |
| 1991 | 1.206 | 409 | 148 | 36 | 60 | 92 | – | 77 | 45 | 62 | 277 |
| 1992 | 1.253 | 425 | 153 | 44 | 77 | 79 | – | 97 | 74 | 63 | 241 |
| 1993 | 1.117 | 394 | 128 | 42 | 64 | 91 | – | 122 | 36 | 62 | 178 |
| 1994 | 1.184 | 395 | 165 | 36 | 66 | 81 | – | 123 | 70 | 46 | 202 |
| 1995 | 1.261 | 458 | 192 | 55 | 47 | 61 | – | 102 | 60 | 64 | 222 |
| 1996 | 1.326 | 415 | 165 | 65 | 53 | 88 | – | 105 | 52 | 74 | 309 |
| 1997 | 1.367 | 493 | 187 | 47 | 80 | 61 | – | 132 | 77 | 28 | 262 |
| 1998 | 1.226 | 441 | 136 | 33 | 57 | 70 | – | 89 | 76 | 46 | 278 |
| 1999 | 1.383 | 390 | 199 | 45 | 57 | 92 | – | 109 | 57 | 57 | 377 |
| 2000 | 1.371 | 481 | 185 | 30 | 33 | 93 | – | 98 | 43 | 88 | 320 |
| 2001 | 1.331 | 437 | 199 | 55 | 42 | 75 | – | 100 | 49 | 89 | 285 |
| 2002 | 1.347 | 456 | 272 | 48 | 44 | 74 | – | 111 | 45 | 57 | 240 |
| 2003 | 1.283 | 440 | 220 | 54 | 20 | 60 | – | 64 | 64 | 72 | 292 |
| 2004 | 1.346 | 443 | 202 | 60 | 34 | 68 | – | 99 | 39 | 75 | 326 |
| 2005 | 1.445 | 428 | 243 | 64 | 41 | 71 | – | 115 | 43 | 41 | 399 |
| 2006 | 1.301 | 340 | 177 | 53 | 29 | 59 | – | 107 | 45 | 30 | 461 |
| 2007 | 1.581 | 388 | 205 | 52 | 55 | 68 | – | 89 | 49 | 44 | 631 |

Tafla 2. Árlegur aðflutningur fólks til landsvæða eftir brottflutningssvæði 1988–2007 (frh.)
*Table 2. Number of persons migrating by regions and year of migration 1988–2007 (cont.)*

| Aðflutningssvæði *Immigration* | Brottflutningssvæði *Emigration* | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Reykjavík | Höfuðborgarsv., annað *Other capital regions* | Vesturland *West* | Norður-Vestfirðir *West-fjords* | Norðurland vestra *North-west* | land eystra *North-east* | Austurland *East* | Suðurland *South* | Suðurnes *South-west* | Frá útlöndum *Immigration* |
| **Austurland** | | | | | | | | | | | |
| ***East*** | | | | | | | | | | | |
| 1988 | 671 | 246 | 64 | 18 | 24 | 11 | 75 | – | 38 | 31 | 163 |
| 1989 | 676 | 215 | 135 | 28 | 25 | 17 | 84 | – | 30 | 27 | 115 |
| 1990 | 634 | 202 | 73 | 27 | 18 | 22 | 75 | – | 57 | 35 | 125 |
| 1991 | 663 | 214 | 87 | 26 | 18 | 3 | 68 | – | 24 | 35 | 188 |
| 1992 | 692 | 259 | 88 | 41 | 12 | 11 | 87 | – | 36 | 43 | 115 |
| 1993 | 733 | 285 | 109 | 31 | 22 | 17 | 62 | – | 62 | 31 | 114 |
| 1994 | 698 | 236 | 161 | 19 | 20 | 20 | 88 | – | 47 | 29 | 78 |
| 1995 | 707 | 266 | 116 | 31 | 34 | 16 | 68 | – | 35 | 33 | 108 |
| 1996 | 742 | 258 | 103 | 27 | 19 | 18 | 88 | – | 64 | 29 | 136 |
| 1997 | 770 | 236 | 115 | 24 | 20 | 32 | 76 | – | 55 | 44 | 168 |
| 1998 | 629 | 211 | 76 | 25 | 28 | 2 | 66 | – | 60 | 21 | 140 |
| 1999 | 755 | 285 | 95 | 18 | 15 | 7 | 81 | – | 31 | 36 | 187 |
| 2000 | 591 | 193 | 103 | 13 | 1 | 9 | 73 | – | 51 | 32 | 116 |
| 2001 | 520 | 169 | 86 | 22 | 18 | 8 | 63 | – | 38 | 16 | 100 |
| 2002 | 575 | 174 | 105 | 13 | 25 | 10 | 74 | – | 30 | 26 | 118 |
| 2003 | 750 | 229 | 77 | 20 | 19 | 18 | 117 | – | 59 | 22 | 189 |
| 2004 | 1.803 | 224 | 130 | 28 | 15 | 26 | 77 | – | 34 | 26 | 1.243 |
| 2005 | 2.243 | 202 | 127 | 17 | 10 | 25 | 113 | – | 37 | 36 | 1.676 |
| 2006 | 2.877 | 280 | 107 | 36 | 9 | 17 | 76 | – | 136 | 36 | 2.180 |
